

## 7. gr.

a. 1. málsgr. 83. greinar laganna orðist sem hér segir:

1. Nú greinir menn á um takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta vatns, svo sem óss, leiru, áls, kvíslar, foss, lagnar eða veiðistaðar, um það, hvar aðalstraumlína ár sé, hvað teljast skuli kvísl eða áll, eða um önnur slík ákvæði laga þessara, og skal þá skera úr þeim ágreiningi með matsgerð.

b. 3. málsgr. sömu greinar orðist svo:

3. Mati má skjóta til yfirmats innan 6 vikna frá birtingu matsgerðar. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar til 5 ára í senn, og skal einn þeirra valinn meðal dómara hæstaréttar, en annar eftir tilnefningu veiðimálanefndar.

## 8. gr.

90. gr. laganna orðist þannig:

Brot þau, er ræðir um í a—b-liðum 87. gr. og 88. gr., teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfærin eru komin að veiðistað, nema sannað sé, að þau hafi verið flutt þangað í lögmatum tilgangi.

## 9. gr.

95. gr. laganna falli burt.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 11. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli laga nr. 79 23. júní 1936, laga nr. 28 13. jan. 1938, laga nr. 50 11. júní s. á., laga nr. 23 12. júní 1939 og laga nr. 62 7. maí 1940 inn í lög nr. 61 23. júní 1932. um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

60

27. júní

um greiðslu verðlagsuppbótar á styrk til héraðs-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk þann, sem greiða ber samkvæmt lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla.

## 2. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlagsuppbót á þann styrk, er þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er á sama

60 tíma og skólarnir starfa á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og 27. júní ríkisstofnana, þó með þeirri undantekningu, að ekki gildi ákvæðin um hámarkstölu þá, er um getur í 3. gr. téðra laga.

3. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

61

27. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Annar málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir. Við ákvörðun meðalmeðgjafa skal þess gætt í hvert sinn, að þær hækki eigi minna en nemi aukinni dýrtíð samkvæmt síðustu vísitölu kauplagsnefndar. Þó skal við ákvörðun meðalmeðgjafa meðlagsárið 1. ágúst 1941—31. júlí 1942 auk þess tekið tillit til þess, að eigi voru greiddar verðlagsuppbætur á meðlög næsta meðlagsár á undan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*